

Dagur fjölbreytileikans – vikuverkefni

Haldið uppá daginn 25.09.26 þar sem allir koma í litaglöðum fatnaði. Búið verður að hengja upp verkefnið á fimmtudag.

Hæfniviðmið fyrir verkefnið sem við vinnum vikunni um fjölbreytileikann í samfélagreinum er:

Sjálfspækking

„gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur,“

Virðing

„sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt,“

Virðing fyrir fjölbreytileika

„áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum,“

Sett sig í spor annarra

„sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima,“



Myndverkefnið er svona. Taka mynd af nemandanum þar sem hendurnar mynda hjarta. Allir fá hjörtu til að líma á svart karton A4 og krakkarnir skrifa jákvæða hluti um sjálfa sig í kringum myndina og styrkleika sína á blaðið. Efst á kartoninu stendur **Ég er ...**

Bækur til að lesa í næðisstund (eru á bakvið hurðina hjá Birnu):

5 ára lesa: Fjölskyldu bókin (Sóley), Morgunverkin (Sóley), Fjölskyldan mín (skólinn)

6 ára lesa: Jazz (skólinn). Muna að fara vel yfir að allir mega elska alla liti, allir mega elska allar íþróttir, allir mega elska allt dót. En þarna er Jazz að reyna að finna hvar hún passar inn í allt saman og fannst hún vera stelpa ef hún lék með „stelpudót“. Fjölskyldan mín (skólinn)

7 ára lesa: Fjölskyldan mín (skólinn) Úlfur og Ylfa, báðar bækurnar (skólinn)

8 ára lesa: Úlfur og Ylfa, báðar (skólinn)